

Fjarðarbyggð  
Hafnargötu 2  
730 Reyðarfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 26. júní 2015  
UST201506-134/S.P.  
11.09

### Efni: Umsókn um leyfi til refaveiða í Hólmanesi

Umhverfisstofnun hefur borist umsókn frá Guðjóni Guðjónssyni, ráðinni refaskyttu í Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði, um leyfi til þess að eyða ref í fólkvanginum Hólmanesi, dagsett 29. maí 2015.

Frá árinu 1973 hefur Hólmanes verið friðlýst bæði sem friðland og fólkvangur sbr. auglýsingi í Stjórnartíðindum B, nr. 393/1973. Um fólkvanginn og friðlandið gilda samræmdir reglur. Eitt af markmiðum friðlýsingar í Hólmanesi er að koma í veg fyrir óþarfa truslun á dýralífi. Þannig má nefna að meðferð skotvopna er óheimil á svæðinu, nema með sérstökum leyfi Umhverfisstofnunar.

Um refaveiðar gilda lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Markmið þeirra laga er að tryggja viðgang og náttúrulega fjölbreytni villtra dýrastofna, skipulag á veiðum og annari nýtingu dýra, svo og aðgerðir til þess að koma í veg fyrir tjón sem villt dýr kunna að valda. Refir hafa lífað á Íslandi frá landnámi og hafa refaveiðar verið stundaðar í einhverjum mæli allt frá því að land byggðist. Markmið refaveiða á Íslandi er fyrst og fremst að koma í veg tjón af völdum refa.

Í fólkvanginum Hólmanesi eru tvö þekkt greni. Samkvæmt umsókn er óskað eftir eyðingu refs á svæðinu þar sem ljóst sé að „hann muni fjölgja sér og hafa áhrif á fuglalífi.“ Ekki liggja fyrir gögn sem sýna fram á að tjón hafi þegar orðið á svæðinu af völdum refa. Samkvæmt upplýsingum sem Umhverfisstofnun aflaði, meðal annars hjá þeim sem nytja æðavarpi á svæðinu, hafa refir ekki valdið tjóni á æðavarpari á svæðinu.

Náttúrustofa Austurlands hefur gefið álit sitt á umræddum refaveiðum í fólkvanginum í Hólmanesi, dagsett 11. júní 2015. Er það mat Náttúrustofu Austurlands að ekki sé ástæða til þess að veiða ref í fólkvanginum og friðlandinu í Hólmanesi út frá vistfræðilegum sjónarmiðum. Bendir Náttúrustofa Austurlands meðal annars á að Hólmanes sé vinsælt útvistarsvæði og að vitneskja um greni, refi og yrðlinga á svæðinu geti verið aðráttarafl fyrir bæði innlenda og erlenda gesti og gætu refaveiðar haft neikvæð áhrif á ímynd svæðisins þar sem ósnortin náttúra og dýralífi eru stór hluti af upplifun gesta.

Samkvæmt framangreindu hefur Umhverfisstofnun komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé þörf á því að eyða ref á friðlýsta svæðinu í Hólmanesi að svo stöddu þar sem upplýsingar benda ekki til að tjón hafi orðið af hans völdum á svæðinu. Umhverfisstofnun telur þó mikilvægt að áfram verði fylgst með stofnstærð refsins á hinu friðaða svæði og þeim vistfræðilegu afleiðingum sem breyting á stofnstærð hans gæti haft í för með sér.

Umhverfisstofnun bendir á, að samkvæmt 3. ml. 1. mgr. 74. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, sbr. 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er heimilt að kæra ákvörðunina til umhverfis- og auðlindaráðherra.

Virðingarfyllst,

*Sigrún Ágústsdóttir*

Sigrún Ágústsdóttir  
Sviðstjóri

*Svava Pétursdóttir*

Svava Pétursdóttir  
Sérfræðingur